

Rökstuðningur dómnefndar: BYKO

Það er einróma niðurstaða dómnefndar Kuðungsins að BYKO skuli hljóta Kuðunginn fyrir glæsilegan árangur í umhverfismálum á árinu 2021. BYKO hefur bæði náð miklum árangri í að draga úr umhverfisáhrifum eigin reksturs sem og skapað jákvæða hvata til að flýta fyrir þróun og eftirspurn eftir vistvænum byggingarframkvæmdum með aukningu á framboði og sýnileika vistvænna vara sem og öflugri fræðslu til viðskiptavina og starfsfólks. Nýjar höfuðstöðvar Byko verða svo BREEAM vottaðar, sem og að stefnt er á BREEAM vottun á öllum starfsstöðvum BYKO.

BYKO hefur í umhverfisstefnu sinni lagt áherslu á þrjú meginþemu: vistvænt vöruframboð, fræðslu til viðskiptavina og innra starf. Ráðist hefur verið í fjölmargar aðgerðir til að draga úr losun tengdri innri starfsemi fyrirtækisins, m.a. aðgerðir til að draga úr notkun á hita og rafmagni. Framkvæmt er reglubundið eftirlit með loftræstingu, snjóbræðslu og hitablásurum til að koma í veg fyrir orkusóun og til að hægt sé að grípa til aðgerða sé þess þörf. BYKO hefur staðið að orkuskiptum í véla-, tækja- og bílaflota fyrirtækisins og sett upp hleðslustöðvar fyrir starfsfólk og viðskiptavini. Fyrirtækið býður einnig upp á samgöngustyrki til starfsfólks og góða hjólaaðstöðu, sem hefur hlotið vottun frá Hjólafærni.

Í kjölfarið lækkaði kolefnisspor reksturs BYKO úr 193,6 g á hverja milljón í veltu árið 2020 í 180,5 g/milljón árið 2021, sem samsvarar 6.8% lækkan, en þar undir eru fellur losun frá samgöngum, raforku og upphitun, flugi (þó ekki fraktflugi) og vöruflutningum. Meðhöndlun úrgangs er ekki tekin með í heildarlosun en losun þess vegna hefur lækkað úr 432 tonnum CO₂-íg. árið 2018 í 221 tonn CO₂-íg. árið 2021.

BYKO hefur töluverð umhverfisáhrif í sinni eigin starfsemi en mestu umhverfisáhrifin eru gegnum vörur eða þjónustu sem fyrirtækið býður upp á og því leggur BYKO áherslu á vöruframboðið ekki síður en eigin starfsemi. BYKO hefur verið leiðandi í aukningu á vistvænu vöruframboði með áherslu á að tryggja framboð á vörum sem leyfilegt er að nota í umhverfissvottuð hús. BYKO hefur kortlagt framboð sitt og lykilbirgja á vistvænum vörum sem og þau gögn sem þurfa að fylgja þeim, með hliðsjón af viðmiðum vistvottunarkerfanna Svansins og BREEAM. BYKO hefur svo markvisst unnið að því að þau gögn sem eru nauðsynleg fyrir stigagjöf í vistvottunarkerfunum séu aðgengileg gegnum heimasíðu fyrirtækisins. BYKO leggur því mikla áherslu á að koma upplýsingum til neytenda á framfæri með því að hafa vistvænt vöruframboð sýnilegt og aðgengilegt á heimasíðu fyrirtækisins.

Ásamt því að auka vistvænt vöruframboð og sýnileika þess hefur BYKO lagt mikið upp úr kynningu á vistvænum byggingaraðferðum fyrir fagfólki. Fyrirtækið hefur einnig lagt áherslu á að starfsfólk sitt sækji námskeið til að afla sér réttinda og aukinnar þekkingar varðandi umhverfissvottaðar byggingar.

BYKO lætur einnig verkin tala þegar kemur að áherslu á vistvænar byggingarframkvæmdir en nýjar höfuðstöðvar Byko við Breiddina verða BREEAM vottaðar og að mestu úr kross límdum timbureiningum. Að þeim framkvæmdum loknum er stefnt að BREEAM vottun á öllum starfsstöðvum BYKO. Með slíkum framkvæmdum sýnir BYKO gott fordæmi og skapar í leiðinni dýrmæta þekkingu fyrir komandi umhverfissvottaðar framkvæmdir.

BYKO er aðildarfélag Festu, í samstarfi við Visttorg, í samstarfi við MAT um sjálfbæra þróun kaupmannsins á horninu, samstarfi við Plastplan og samstarfi við Skógræktina um mælingu kolefnisbindingar. BYKO vann með Visthús að fyrsta Svansvottaða íbúðarhúsinu á Íslandi fyrir fimm árum og er nú í samstarfi við Visthönnun vegna byggingar Svansvottaðs einbýlishúss í Hafnarfirði. Einnig er BYKO í samstarfi við Arkís arkitekta við að Svansvotta endurbætur á húsnæði þeirra. Þá hefur Byko tekið þátt í Pikkoló verkefninu, endurbyggingu gamla Gufunesbæjarins og kemur að byggingu vistvænna húsa með Sóley Byggingarfélagi.

BYKO styður við deilihagkerfið með því að bjóða upp á leigu, m.a. á hinum ýmsu verkfærum og tækjum ásamt steypumótum og vinnupöllum.

BYKO hefur frá árinu 1987 stundað skógrækt en þá hófu eigendur og starfsmenn árlega gróðursetningu á Drumboddsstöðum II í Biskupstungum. Gróðursettar hafa verið um 130 þúsund trjáplantna og hefur á þessum tíma náttúrulegt birki breiðst mikið út af sjálfsdáðum. Binding skógarins er að jafnaði 1200 tonn CO₂ á ári og hefur BYKO því kolefnisjafnað innri starfsemi sína, og gott betur.

BYKO er vel að þessum umhverfisverðlaunum komið vegna góðs árangurs við að draga úr umhverfisáhrifum eigin reksturs á árinu og fyrir að vera leiðandi í framboði og fræðslu hvað varðar vistvænar byggingarvörur og framkvæmdir.